Starfsáætlun 2026–2027
6.–7. bekkur



Dagný Hlín Rafnsdóttir

Sunna Friðþjófsdóttir

Steinunn Steinþórsdóttir

Þórey Sjöfn Sigurðardóttir

Alma Kristín Gísladóttir

Védís Elva Þorsteinsdóttir

Bjarki Fannar Helgason

Námsumhverfi og skipulag

Starfsmenn og nemendur

Dagný Hlín Rafnsdóttir – umsjón 6. bekk

Sunna Friðþjófsdóttir – umsjón 7. bekk

Steinunn Steinþórsdóttir – umsjón 6. bekk

Þórey Sjöfn Sigurðardóttir – umsjón 7. bekk

Alma Kristín Gísladóttir – stuðningsfulltrúi

Védís Elva Þorsteinsdóttir – stuðningsfulltrúi

Bjarki Fannar Helgason – stuðningsfulltrúi

Aðrir starfsmenn sem koma að bekknum:

- Agnes Ólafsdóttir – smiðjur
- Heiðdís Björk Gunnarsdóttir – smiðjur
- Svana Rún Aðalbjörnsdóttir – smiðjur
- Gillian Alise Pokalo – smiðjur
- Svanborg Sverrisdóttir – smiðjur
- Stefanía Anna Sigurjónsdóttir – þroskaþjálfi og deildarstjóri stoðþjónustu
- Anna Kristín Gunnarsdóttir – þroskaþjálfi
- Unnur Ósk Unnsteinsdóttir – stoðkennari
- Guðrún Ásta Þrastardóttir – stoðkennari
- Hrönn Rúnarsdóttir – ÍSAT kennari
- Kittý Ásgeirsdóttir – ÍSAT kennari

Nemendur í 6. bekk eru 33 og nemendur í 7. bekk eru 31. Deildarstjóri sem heldur utan um mál í 6.–7. bekk er Þuríður L. Rósenberg.

Sameiginleg sýn teymis

Teymi 6. og 7. bekkjar vinnur að því að skapa öruggt, hvetjandi og fjölbreytt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að taka virkan þátt í eigin námi, vinna saman og efla sjálfstæði sitt. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, samþættingu námsgreina, leiðsagnarmat og verkefni sem gefa nemendum færi á að sýna hæfni sína á ólíkan hátt. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og vinna markvisst saman að því að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Skólaárið er eftir því sem viðfangsefni leyfa skipulagt í afmörkuð námstímabil. Innan þeirra eru hæfniviðmið forgangsröðuð, námsmarkmið gerð skýr og ákveðið fyrir fram hvernig nemendur fá leiðsögn og hvernig hæfni þeirra verður metin.

Kennslufyrirkomulag og inntak náms

Markmið: Að skapa fjölbreytt og sveigjanlegt námsumhverfi, efla sjálfstæði nemenda og gera þeim kleift að taka aukna ábyrgð á eigin námi.

Við vinnum að því að gera nemendur sjálfstæðari í námi og að þeir taki ábyrgð á sjálfum sér þegar kemur að hinum ýmsu þáttum lærdóms. Vinnustundir eru að jafnaði þrisvar sinnum í viku þar sem nemendur vinna upp efni sem þeir eiga eftir að klára fyrir lok vikunnar.

Í stærðfræði er unnið eftir tímasettum áætlunum sem nemendur fylgja. Eftir hverja áætlun taka þeir lotukönnun og skila skiladæmum þar sem hæfni þeirra er metin.

Langflesta daga vikunnar er unnið með ritun, auk þess sem við fylgjum áætlun frá Ásgarði að hluta þar sem dagbókarskrif, ljóða- og handritsgerð eru meðal textagerða. Kennarar taka einnig þátt í námskeiðinu Læsi fyrir lífið og nýta aðferðir þess í námi og kennslu.

Framkvæmd:

- Fjölbreyttir kennsluhættir eru nýttir, svo sem bein kennsla, samvinnunám, verkefnavinna, þrautalausnir, stöðvavinna, hringekjur, verkleg vinna og sjálfstæð vinna.
- Nemendum er skipt í sveigjanlega hópa eftir viðfangsefnum og þörfum og 6. og 7. bekkur vinna saman þegar það hentar námsmarkmiðum.
- Nemendur fá eftir því sem við á val um viðfangsefni, vinnulag eða framsetningu.

Viðmið um árangur: Fjölbreyttir kennsluhættir og sveigjanleg hópaskipting eru sýnileg í daglegu starfi og kennsluáætlunum. Nemendur sýna aukið sjálfstæði í vinnubrögðum og ábyrgð á eigin námi.

<u>Leiðsagnarmat</u>

Markmið: Að leiðsagnarmat sé reglulegur og sýnilegur hluti námsferlisins og hjálpi nemendum að átta sig á stöðu sinni, markmiðum og næstu skrefum.

Framkvæmd:

- Námsmarkmið og viðmið um árangur eru gerð skýr og aðgengileg nemendum.
- Nemendur fá reglulega munnlega og/eða skriflega endurgjöf sem beinist að næstu skrefum.
- Sjálfsmat og jafningjamat er nýtt eftir því sem við á.
- Nemendur fá tækifæri til að nýta endurgjöf til að endurskoða vinnu sína og sýna framfarir.
- Kennarar nýta upplýsingar úr leiðsagnarmati til að laga kennslu að stöðu nemenda og tileinka sér starfshætti leiðsagnarnáms í samstarfi við stjórnendur Naustaskóla.

Viðmið um árangur: Nemendur geta í auknum mæli gert grein fyrir því hvað þeir eru að læra, hvernig þeim gengur og hver næstu skref eru. Dæmi um leiðsagnarmat eru sýnileg í vinnu nemenda og kennsluáætlunum.

<u>Námsveggir</u>

Markmið: Að námsveggir séu lifandi hluti námsumhverfisins og styðji við nám, yfirsýn og sjálfstæði nemenda.

Framkvæmd:

- Námsmarkmið, lykilhugtök, aðferðir, fyrirmyndir og annað efni sem tengist yfirstandandi námi er gert sýnilegt.
- Efni námsveggja breytist í takt við námstímabil og viðfangsefni.

- Nemendur eru hvattir til að nýta námsveggi sem hjálpartæki og verk þeirra fá að verða hluti af námsumhverfinu þegar við á.

Viðmið um árangur: Námsveggir endurspegla yfirstandandi nám og nemendur nýta þá sem stuðning í verkefnum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Áhugasviðsvinna

Markmið: Að efla áhuga, frumkvæði, sköpun og sjálfstæði nemenda með vinnu að eigin áhugasviði.

Framkvæmd:

- Áhugasviðsverkefni eru unnin bæði á haust- og vorönn.
- Nemendur fá val um viðfangsefni og framsetningu og stuðning við að setja markmið, skipuleggja vinnu og ljúka verkefni.
- Áhersla er lögð á vinnuferlið jafnt sem lokaafurð og nemendur fá tækifæri til að miðla afrakstri sínum.

Viðmið um árangur: Allir nemendur hafa tekið þátt í áhugasviðsvinnu á báðum önnum og geta gert grein fyrir ferlinu, vali sínu og afrakstri.

Vettvangsferðir og nám utan skólastofunnar

Markmið: Að tengja nám við nærumhverfi, samfélag og raunverulegar aðstæður og nýta fjölbreytt námsumhverfi til að dýpka skilning.

Framkvæmd:

- Farnar eru vettvangsferðir sem tengjast viðfangsefnum náms eftir því sem tækifæri gefast.
- Nærumhverfi skólans er nýtt til náms og verkefni tengd ferðum eru unnin fyrir, í eða eftir ferð þegar það á við.

Viðmið um árangur: Nemendur hafa tekið þátt í námi utan hefðbundinnar kennslustofu og geta tengt reynslu sína við viðfangsefni náms.

Nemendasamtöl og nemendastýrð foreldrasamtöl

Markmið: Að nemendur taki aukna ábyrgð á eigin námi, þekki styrkleika sína og áskoranir og geti gert grein fyrir framförum og næstu skrefum.

Framkvæmd:

- Nemendastýrð foreldrasamtöl eru haldin einu sinni á skólaárinu.
- Nemendur undirbúa samtölin með leiðsögn kennara og ígrunda nám, líðan, styrkleika, framfarir og það sem þeir vilja bæta.

Viðmið um árangur: Nemendur sýna aukið sjálfstæði í að ræða eigið nám, styrkleika, áskoranir og markmið.

Bekkjarfundir og Jákvæður agi

Markmið: Að skapa öruggt og fyrirsjáanlegt námsumhverfi og fastan vettvang þar sem nemendur þjálfa samskipti, ábyrgð, lausnaleit og lýðræðislega þátttöku.

Jákvæður agi er agastefna Naustaskóla og bekkjarfundir eru hluti af þeirri stefnu. Í skólabyrjun gerðu nemendur bekkjarsáttmála sem unnið verður eftir í allan vetur og honum haldið á lofti í daglegu starfi.

Framkvæmd:

- Bekkjarfundir eða verkefni tengd Jákvæðum aga eru á dagskrá einu sinni í viku í 6. og 7. bekk.
- Verkfæri Jákvæðs aga eru höfð að leiðarljósi og nemendur fá að koma málum á dagskrá.
- Rætt er um málefni líðandi stundar, líðan, samskipti, bekkjaranda, vináttu, ábyrgð, mörk og lausn ágreinings.
- Hlutverkaleikir og raunhæfar aðstæður eru nýttar reglulega til að þjálfa samskipti, samkennd, sjónarhorn annarra og lausnaleit.
- Áhersla er einnig lögð á það sem gengur vel, jákvæð samskipti og samheldni hópsins.

Viðmið um árangur: Bekkjarfundir eru haldnir vikulega. Nemendur taka virkan þátt, koma með mál á dagskrá, þekkja bekkjarsáttmálann og upplifa að þeir hafi vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Þemanám og samþætting

Markmið: Að nemendur upplifi nám sem merkingarbæra heild, þjálfist í samstarfi við fjölbreytta hópa og sjái tengsl milli námsgreina.

Þemu vetrarins eru af fjölbreyttum toga. Áhersla er lögð á árgangablöndun, samvinnu og fjölbreytt verkefni. Þemu vetrarins eru meðal annars áhugasviðsverkefni á haust- og vorönn, Norðurlöndin, Ísland, lífríki í sjó og vatni, bókaskýrslur og náttúruþema.

Samþætting námsgreina er mikilvægur þáttur í námi 6. og 7. bekkjar. Í þemavinnu eru til dæmis samþætt íslenska, samfélags- og náttúrufræði og upplýsingatækni.

Framkvæmd:

- Hæfniviðmið úr fleiri en einni námsgrein eru eftir því sem við á lögð til grundvallar sama verkefni.
- Nemendur vinna að fjölbreyttum lokaafurðum og fá svigrúm til sköpunar, samvinnu og miðlunar.
- Stærri verkefni eru skipulögð sameiginlega af kennurum teymisins.

Viðmið um árangur: Á skólaárinu eru unnin fjölbreytt samþætt þemaverkefni þar sem nemendur vinna þvert á árganga og nýta þekkingu og hæfni úr fleiri en einu námssviði.

Notkun upplýsingatækni í kennslu

Markmið: Að nemendur verði sjálfstæðir, ábyrgir og gagnrýnir notendur upplýsingatækni og nýti hana markvisst sem verkfæri til náms.

Nemendur hafa aðgang að eigin Chromebook-tölvu. Google-umhverfið er nýtt í námi, einkum Google Classroom þar sem nemendur vinna verkefni og hafa aðgang að námsefni, glósum og upplýsingum. Upplýsingatækni fléttast inn í flestar námsgreinar.

Framkvæmd:

- Upplýsingatækni er nýtt til upplýsingaleitar, úrvinnslu, sköpunar, samvinnu og miðlunar.
- Nemendur fá þjálfun í ábyrgri hegðun á netinu.

- Nemendur fá tækifæri til að sýna hæfni með fjölbreyttum stafrænum afurðum, svo sem heimasíðum, hlaðvörpum, kortum, bæklingum, bókum og stutt- eða teiknimyndum.
- Ný tækni, þar á meðal gervigreind, er tekin til umræðu og nýtt þar sem við á.

Viðmið um árangur: Nemendur sýna aukið sjálfstæði og ábyrgð í umgengni við tæki og hafa nýtt upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt til að afla upplýsinga, skapa, vinna saman og miðla.

Grunnþættir menntunar

Sköpun: Sköpun fléttast meðal annars við list- og verkgreinar og þemanám. Nemendur fá áhrif á lokaafurð verkefna og geta meðal annars búið til heimasíður, hlaðvörp, kort, bæklinga, bækur og stutt- eða teiknimyndir. Með því er leitast við að viðhalda sköpunargleði, frumkvæði og ímyndunarafli.

Heilbrigði og velferð: Nemendur fara í íþróttir og sund í hverri viku. Í heimilisfræði, smiðjum og á bekkjarfundum er rætt um þætti sem stuðla að heilbrigði og velferð. Skólahjúkrunarfræðingur kemur að fræðslu.

Jafnrétti: Jafnrétti er leiðarljós í starfi 6. og 7. bekkjar. Nemendur eru virkir þátttakendur og rödd þeirra fær að heyrast. Á bekkjarfundum ræða þeir málefni og atvik, leita lausna í sameiningu og þjálfast í að vinna með ólíkum einstaklingum af virðingu.

Læsi: Læsi er lykilþáttur í öllu námi. Sérstök áhersla er lögð á læsi með stuðningi og verkfærum Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri og í tengslum við Læsi fyrir lífið. Við nálgumst lestur á fjölbreyttan hátt, meðal annars með yndislestri, hlustun á sögur, frásagnir og lestri frétta.

Lýðræði: stuðlar að því að nemendur verði góðir samfélagsþegnar sem lifa í sátt og samlyndi við aðra, óháð því hverjir þeir eru. Við, sem berum ábyrgð á kennslu og uppeldi barna, höfum það hlutverk að innleiða lýðræðisleg gildi í daglegt skólastarf. Það felur í sér að virða hvert annað, hlusta og taka tillit til ólíkra skoðana. Lýðræðisleg nálgun fléttast í allt skólastarf, hvort sem það er þegar kosið er í lið, þegar kennarar skipta nemendum í hópa, eða þegar nemendur fá val um hvernig þeir vinna og skila verkefnum sínum.

Sjálfbærni: nær langt út fyrir endurvinnslu og flokkun, og felur einnig í sér virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu okkar. Í sjálfbærnimenntun lærum við að takast á við ýmis álitamál og ágreiningsefni, þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða málefni eins og notkun farsíma í grunnskólum, hvalveiðar eða hlýnun jarðar. Með því að skoða þessi mál fá nemendur dýpri skilning á flækjustigi sjálfbærni og mikilvægi hennar í daglegu lífi.

Tengsl við Barnasáttmálann

Áherslur Barnasáttmálans fléttast inn í daglegt starf, sérstaklega réttur barna til að láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé tillit til þeirra í málum sem þau varða. Bekkjarfundir, nemendastýrð foreldrasamtöl, val í námi og samvinna skapa vettvang fyrir rödd og þátttöku nemenda. Jafnframt er lögð áhersla á jafnræði, öryggi, velferð, virðingu og rétt allra nemenda til náms við hæfi.

Teymisvinna / teymiskennsla

Í vetur verður lögð áhersla á samkennslu í 6. og 7. bekk þar sem bekkir vinna saman í þematengdum verkefnum, hringekjum, smiðjum og fleiri kennslustundum. Markmiðið er að nemendur læri mikilvægi þess að geta unnið með fjölbreyttum hópum, styrki hæfni sína til að vinna með ólíkum einstaklingum og nýti styrkleika allra í hópnum.

Kennarateymið deilir verkefnum og undirbúningi og nýtir styrkleika hvers og eins í kennslu og áætlanagerð. Teymið tileinkar sér jafnframt starfshætti leiðsagnarnáms í samstarfi við stjórnendur Naustaskóla.

Starfsmenn 6. og 7. bekkjar taka sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og vinna saman að lausnaleit, leitast við að skipta álagi jafnt og endurmeta reglulega hvað megi bæta til að ná árangri.

Viðmið um árangur: Samkennsla og sameiginleg verkefni eru reglulegur hluti skólastarfsins, undirbúningi og ábyrgð er deilt innan teymisins og málefni nemenda eru rædd og leyst með sameiginlega ábyrgð að leiðarljósi.

Mat að vori og umbætur

Í lok skólaárs fer teymið sameiginlega yfir markmið starfsáætlunarinnar. Horft verður til kennsluáætlana, verkefna nemenda, reynslu starfsmanna, samtala við nemendur og foreldra og annarra gagna sem við eiga.

- Hvaða markmiðum var náð og hvaða markmiðum var náð að hluta?
- Hvaða aðgerðir og kennsluhættir skiluðu mestum árangri?
- Hvernig þróaðist sjálfstæði, ábyrgð og þátttaka nemenda?
- Hvernig gekk samkennsla, samþætting og samstarf teymisins?
- Hvað þarf að þróa eða breyta fyrir næsta skólaár?

Niðurstöður matsins verða nýttar við gerð umbótaáætlunar og skipulag næsta skólaárs.